

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2016, þriðjudaginn 13. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Sigurði Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2016:

Íþróttafélagið Leiknir Reykjavík kt. 690476-0299
gegn
ÍA (knattspyrnufélag ÍA) kt. 500487-1279

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Íþróttafélagið Leiknir Reykjavík
Kennitala: 690476-0299
Austurbergi 1, 111 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Þórður Einarsson

Kærði:

ÍA (knattspyrnufélag ÍA)
Kennitala: 500487-1279
Jaðarsbakkar, 300 Akranes
Fyrirsvarsmaður: Örn Gunnarsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 19. ágúst 2016. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. sama dag. Greinargerð barst frá kærða innan frestsins þann 26. ágúst sl.

Kröfur:

Kröfur kæranda eru eftirfarandi:

Leikni verði dæmdur sigur 0-3, til vara að að Leikni verði dæmdur 1-2 sigur og til þrautavara að leikið verði aftur á Leiknisvelli leikinn frá 37 mínútu og leikar hefjist þá með 1-2 forystu leiknis. Leiknir leikur með vindi.

Kröfu kærða eru eftirfarandi:

Knattspyrnufélag ÍA fer aðallega fram á að máli þessu sé vísað frá Aga- og úrskurðanefnd KSÍ og til vara krefst Knattspyrnufélag ÍA þess að aðal-, vara- og þrautarvarakröfum kæranda verði hafnað.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo „að Leiknir og ÍA/snæfellsnes (3.fl kk, A-lið, b-riðill) leiða saman hesta sína sunnudaginn 14. ágúst kl. 17:15 í Íslandsmótinu.

Leiknismenn mæta á mótsstað og það er hvass vindur á annað markið. Lagt er til að þjálfara Leiknis að komast að samkomulagi um að spila inni. Það hugnaðist heimamönnum ekki og var farið út í hávaða-rok sem stóð beint á annað markið. Leiknismenn unnu uppkastið og ákváðu að spila gegn vindi í fyrri-hálfleik. Skemmst er frá því að segja að það reyndist afar erfitt að spila upp vindinn og sóknir Leiknis ekki margar sem náðu inn á síðasta þriðjung. Engu að síður náði liðið að skora tvö mörk gegn einu og komið í vænlega stöðu gegn mjög sterkum vindi. Og vindurinn í bakið í síðari hálfleik. Nema nei.

Þá brá svo við á 37 mínútu að vindur feykti marki ÍA/snæfellsnes um koll. Markið sem er fislétt ál-mark hafði ekki verið fest. En það hefði verið mjög auðvelt að festa það niður svo það stæði og er þetta sannlega ekki fyrsti rökaleikurinn á Akranesi. Við þetta þustu þjálfarar ÍA/Snæfellsnes inná völlinn og héldu fund með dómara – sem þjálfari Leiknis var ekki boðinn á. Tóku þeir sameiginlega ákvörðun um að spila restina af leiknum inni. Gerði þjálfari Leiknis, sem einnig er framkvæmdarstjóri Leiknis, formlega athugasemd við þetta og framkvæmd leiksins áður en hann flautaði á að nýju. Enda fráleit vinnubrögð og ósanngjörn. Síðari hálfleikur var því leikinn inni í logni, á þurru gervigrasi í stað renndandi blauts grasvallar þar sem vindur stóð á annað markið.

Leikurinn gat víst ekki haldið áfram en æfing 4.flokks karla hjá ÍA hélt samt sem áður áfram á grasinu meðan leikmenn Leiknis og ÍA / snæfellsnes voru sendir inn.

Leiknismenn léku því á móti vindi í 37 mínútur, hlupu af sér rassgatið og börðust við vindana. Þegar svo kom til var látið í veðri vaka að veðrið væri orðið of slæmt til að halda áfram leik úti. Þetta er auðvitað kjaftæði. Það var sama veður þegar leikur hófst og þegar hann var færður inn gegn vilja Leiknismanna. Því til sönnunar fylgja fylgigögn – þrjár myndir af vef veðurstofunnar sem sýna svart á hvítu að ekki urðu umtalsverðar breytingar á veðri.“

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til 8. greinar knattspyrnulaga og 4. og 15. gr reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

III.

Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku og barst svar þann 26. ágúst sl. Í greinargerð kærða kemur m.a. fram „að Knattspyrnufélag ÍA nauðsynlegt að koma á framfæri almennum athugasemdum við þá málavaxtalýsingu sem höfð er uppi í kæru. Eru málavextir þar raktir með ósanngjörnum hætti og gert að því skóna með þess háttar orðalagi og nálgun að Knattspyrnufélag ÍA hafi staðið að umþrættum leik með ódregilegum hætti. Því er harðlega mótmælt.

Tilgreindur leikur á milli A-liða 3ja flokks Knattspyrnufélags ÍA/Snæfellsnes og Íþróttafélagsins Leiknis Reykjavík fór fram á Norðurálsvelli þann 14. ágúst s.l. Hvasst var þennan dag, en leikurinn hófst utanhúss engu að síður. Vakin er athygli á því að það er ákvörðun dómara leiks hverju sinni hvort leikur fari fram vegna veðurs eða ekki. Þau lið sem eigast við hafa ekkert með þá ákvörðun að gera þó svo þau geti haft sína skoðun og komið henni á framfæri við dómara.

Svo virðist sem að dómari leiksins hafi, áður en leikurinn hófst, metið aðstæður sem svo að leikurinn gæti farið fram utandyra, en eftir að annað mark leikvallarins hafði fokið um koll hafi hann metið aðstæður þannig að ekki væri óhætt að halda áfram leik vegna veðurs. Dómari virðist því næst hafa valið þann kost að halda leik áfram innanhús í Akraneshöll og var leiknum lokið þar.

Samkvæmt greinargerð kæranda þá var staðan 2-1 fyrir kæranda þegar að leikurinn var færður inn og hafði kærandi þá leikið gegn sterkum vindi, en Knattspyrnufélag ÍA/Snæfellsnes leikið undan vindi. Því er mótmælt að það hafi verið hagur Knattspyrnufélags ÍA að leika undan vindi svo sem kærandi heldur fram, þar sem að í svo miklum myndi sem var í þessum leik er illmögulegt að hemja boltann undan vindi. Staðan í leiknum styður þá skoðun Knattspyrnufélags ÍA.

Krafa Knattspyrnufélags ÍA um frávísun er byggð á því að málatilbúnaður kæranda sé óljós og óskýr.

Kröfur kæranda eiga sér enga stoð í regluverki Knattspyrnusambands Íslands. Til að mynda gerir þrautavarakrafa kæranda ráð fyrir því að kærandi spili á sama markið það sem eftir lifir fyrri hálfleiks og seinni hálfleik. Þá gerir hún einnig ráð fyrir að Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi tök á því að ákveða að vindur verði á leikdegi sem standa skuli á annað markið. Kröfugerð kæranda er ekki studd neinum rökum eða tilvitnunum í laga- eða reglugerðarákvæði og á því Knattspyrnufélag ÍA óhægt um vik að bera hönd fyrir höfuð sér.

Þá vekur Knattspyrnufélag ÍA athygli á því að kröfum kæranda er einungis beint að Knattspyrnufélagi ÍA. Leikurinn var hins vegar spilaður af sameiginlegu liði Knattspyrnufélags ÍA og Snæfellsness. Nauðsynlegt er að beina kröfum að báðum aðilum hins sameiginlega liðs svo þeir aðilar sem niðurstöður máls þessa kunna að hafa áhrif á hafi tök á því að koma málatilbúnaði sínum á framfæri. Telji Aga- og úrskurðarnefnd að slíkt leiði ekki til frávísunar á slíkt eitt og sér að leiða til sýknu. Í því samhengi má þó nefna að kærufrestur gagnvart Snæfellsnes er liðinn og verður því ekki bætt úr þeim göllum á málatilbúnaði kæranda með nýrri kæru, sbr. Hrd. 287/2011.

Mál þetta snýst í sjálfu sér um það hvort að dómara leiksins var heimilt sökum veðurs að færa umræddan leik inn í Akraneshöll, þar sem veður hafði ekki áhrif á leikinn. Að mati Knattspyrnufélags ÍA er það rétt niðurstaða. Sé Aga- og úrskurðarnefnd sammála, hljóta úrslit leiksins að standa.

Telji Aga- og úrskurðarnefnd á hinn bóginn að dómara leiksins hafi ekki verið rétt að færa leikinn inn í Akraneshöll, vaknar spurningin hvernig brugðist verði við því. Fjórir kostir virðast vera í stöðunni:

- i. Úrslit leiksins standi óbreytt.
- ii. Leik verði framhaldið frá þeim leiktíma er leik var slitið.
- iii. Úrslit leiks verði miðuð við hver staða leiksins var þegar að slíta hefði átt leik.
- iv. Leikurinn er endurtekinn í heild sinni.

Fyrsti kosturinn kemur til álita, líti Aga- og úrskurðarnefnd svo á að þrátt fyrir að dómara hafi borið að slíta leik að þá standi úrslitin, byggt á þeirri meginreglu regluverks knattspyrnuhreyfingarinnar að ákvarðanir dómara komi almennt ekki til endurskoðunar. Knattspyrnufélag ÍA telur að slík niðurstaða sé rétt niðurstaða í því máli sem hér um ræðir.

Áður en reifuð eru sjónarmið um kosti ii-iv er rétt að reifa rök varðandi aðal- og þrautarvarakröfu kæranda.

Aðalkrafa kæranda er á þá leið að kæranda sé dæmdur 3-0 sigur. Ekki kemur fram í kæru á hverju sú niðurstaða á að vera byggð, en þrátt fyrir ítarlega leit í regluverki knattspyrnuhreyfingarinnar, hefur Knattspyrnufélag ÍA ekki fundið ákvæði sem leiða til þeirrar niðurstöðu að annað liðið skuli dæmt til að tapa leik 3-0 vegna ákvörðunar dómara. Þjálfarar Knattspyrnufélags ÍA/Snæfellsnes kunna að hafa haft þá skoðun og viðrað hana við dómara leiksins að rétt væri að færa leikinn inn vegna veðurs, en það er eingöngu dómari leiksins sem getur tekið þá ákvörðun og hefur Knattspyrnufélag ÍA ekkert með slíka ákvörðun að gera.

Undir eðlilegum kringumstæðum, meti dómari það svo að ekki sé unnt að halda leik áfram vegna veðurs, er leikur flautaður af. Í þessu tilviki var á sama svæði leikvöllur þar sem unnt var að halda leik áfram innanhúss og ákvað dómari að halda leik þar áfram. Vakin er athygli á því að kærandi óskaði eftir því fyrir leikinn að leikurinn yrði leikinn innanhúss og verður því ekki séð að kærandi hafi verið því óviðbúinn. Þá verður ekki séð að það sé öðru liðinu í hag að leika innanhús í logni. Það er hins vegar umdeilanlegt hvort að það sé öðru liðinu í hag að leika undan mjög sterkum vindi.

Telji nefndin að dómara hafi ekki verið heimilt að færa leikinn inn, má ljóst vera að dómara hafi verið nauðugur sá kostur að slíta leik sbr. ákvæði 19,6 í reglugerð Knattspyrnusambands Íslands um knattspyrnumót.

Í gr. 15.6 í sömu reglugerð kemur fram hvernig bregðast skuli við hafi leik verið hætt áður en að fullum leiktíma er náð. Í engum tilvikum er þess getið að öðru liðinu skuli dæmdur 3-0 sigur. Þá er í engum tilvikum þess getið að leikur skuli haldið áfram frá þeirri mínútu sem honum var hætt með þeim hætti að annað liðið skuli leika í bæði fyrri og seinni hálfleik undan vindi. Þá er ekki gert ráð fyrir því að heimaleikjaréttur flytjist frá öðru liðinu til hins við slíkar aðstæður. Hvað þá að endurtekinn leikur skuli taka mið af vindstyrk eða vindátt.

Að framansögðu má því ljóst vera að hvorki er lagagrundvöllur fótur fyrir aðal- eða þrautarvarakröfu kæranda.

Hvað varðar varakröfu kæranda þá segir eftirfarandi í framangreindu ákvæði 15.6:

„Sé leikaðili í sök skal mótanefnd taka tillit til þess við ákvörðun sína um hvort úrslit skuli standa ef leikur er flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leik af.“

Hvergi í kæru kæranda er leitt að því líkur að Knattspyrnufélag ÍA/Snæfellsnes eigi sök á því að dómari ákvað að halda leik áfram innanhúss. Þá hefur kærandi ekki leitt að því líkur að Knattspyrnufélag ÍA/Snæfellsnes hafi átt sök á því að vindur var mikill á Akranesi á þessum tíma. Kærandi heldur fram að um fislétt álmörk hafi verið að ræða sem ekki hafi verið fest niður án þess að færa fyrir því frekari rök.

Knattspyrnufélag ÍA mótmælir því að mörkin hafi verið eitthvað sérstaklega létt og er reyndar á gagnstæðri skoðun á þá leið að um hefðbundin og tiltölulega þung mörk sé að ræða. Vakin er athygli á því að á umræddum velli þar sem leikurinn fór fram, er ekki unnt að steypa niður mörk með varanlegum hætti þar sem vellir eru þarna hreyfanlegir og þar fara fram ýmist leikir í 7 og 11 manna bolta með tilheyrandi breytingum á völlum og merkingum.

Ekki er því fyrir að fara sök Knattspyrnufélags ÍA í þessu máli.

Umrætt ákvæði 15.6 gerir ráð fyrir því að „mótanefnd“ taki ákvörðun um það:

- i. hvort úrslit skuli standa
- ii. hvort að leikur skuli leikinn að nýju
- iii. eða leikurinn skuli leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leikinn af.

Í raun á ekkert þessara ákvæða við þar sem leikurinn var ekki flautaður af heldur aðeins færður til um leikvöll innan sama svæðis. Ekki verður séð að dómari hafi getið um að leik hafi verið slitið eins og áskilið er skv. gr. 19.6 í reglugerð Knattspyrnusambands Íslands um knattspyrnumót. Eðlilegasta niðurstaðan í ljósi aðstæðna og þá framkvæmd sem tíðkast hefur hjá Knattspyrnusambandinu er að leikur sé annað hvort endurtekinn eða hefjist á ný frá þeirri mínútu sem leik var slitið. Slíka niðurstöðu myndi Knattspyrnufélag ÍA setta sig við, en því miður þá rúmast slíkar niðurstöður ekki innan kröfugerðar kæranda.

Í raun ætti Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að standa frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort umræddur leikur væri ógildur vegna „rangrar“ ákvörðunar dómara eður ei. En slíkt rúmast ekki heldur innan kröfugerðar kæranda og slík ákvörðun kemur því ekki til skoðunar.

Knattspyrnufélag ÍA vísar til reglugerðar Knattspyrnusambands Íslands um knattspyrnumót, einkum ákvæða 15.6 og 19.6. og reglu 10.2 í lögum FIFA um leikinn (Laws of the Game) sem kveður á um það að skori lið jafn mörg mörk skuli leikurinn fara jafntefli.“

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Knattspyrnudeild Leiknis kært Knattspyrnufélag ÍA (hér eftir „kærði“) á þeim grunni að leikur sem hófst á Akranesvelli hafi endað síðan inni í knattspyrnuhöllinni á Akranesi og þar sem ekki var spilað á gagnstæð mörk hafi leikurinn ekki uppfyllt 8. grein knattspyrnulaga KSÍ.

Í upphafi er rétt að taka til skoðunar frávísunarkröfu kærða, sem réttilega bendir á að kröfugerð kæranda sé óskýr en ætla má að hún byggji á grein 12.1.1. í skv. reglugerð um Aga og úrskurðarmál. Ljóst er að formsatriða greinar 7.2. í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál eru ekki uppfyllt í þessu máli, þar sem að nafn kærða er ekki réttilega fram sett í kæru. Hið kærða lið ætti að vera ÍA/Snæfellsnes en ekki eingöngu ÍA. Vart er þó hægt að samþykka frávísun vegna þess að forsvaramönnum beggja liða sé ekki birt kæra málsins, sjálfagt er að gera þá kröfu að forráðamanna sameiginlegs liðs tveggja félaga að þeir geti mætt kærum með sameiginlegum hætti þó að báðum liðum sé ekki sérstaklega birt kæra sem kærðu.

Ljóst má vera að dómari nýtti sér ekki rétt sinn skv. grein 19.6. í reglugerð Knattspyrnusambands Íslands um knattspyrnumót til að stöðva leik vegna veðurs, heldur hélt leik áfram á öðrum keppnisvelli. Vart verður séð með hvaða hætti aga- og úrskurðarnefnd á að geta endurskoðað þá ákvörðun dómarans þar sem ljóst er að fullur leiktími var spilaður milli liðanna. Ekki kemur til álita grein 15.6. þar sem að ljóst er af gögnum málsins að allur leiktíminn var spilaður.

Að virtum ákvæðum í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og reglum Knattspyrnusambands Íslands um knattspyrnumót og eins og málalíbúnaði kæranda er háttáð í kæru verður ekki komist hjá því að sýkna kærða.

V.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Kærði er sýknaður, úrslit leiksins skulu standa.

Sigurður Guðmundsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Þróstur Ríkharðsson [sign]